

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1917**

2017/EES/67/02

frá 27. október 2016

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu*(tilkynnt með númeri C(2016) 6835) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum málslíð annarrar undirgreinar 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽³⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Í kjölfar orðsendinga frá Belgíu, Frakklandi, Ítalíu og Hollandi (Niðurlandi) ætti að breyta færslunni sem varðar skoðunarstöðina á landamærunum á flugvælinum Brussels South Charleroi í Belgíu, við höfnina í Marseille í Frakklandi, á flugvælinum Milano-Malpensa á Ítalíu og á flugvælinum við Amsterdam í Hollandi (Niðurlandi) í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 3) Í kjölfar orðsendinga frá Grikklandi hefur samþykki fyrir skoðunarstöð á landamærum við járnbrautina við Idomeni verið fellt tímabundið úr gildi. Þess vegna ætti að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, að því er varðar Grikkland.
- 4) Spánn hefur tilkynnt að breytingar hafi orðið á skoðunarmiðstöðvum á skoðunarstöðvunum á landamærunum á flugvælinum í Barcelona. Þess vegna ætti að breyta færslunni fyrir þessa skoðunarstöð á landamærum í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, að því er varðar Spán.
- 5) Í kjölfar orðsendinga frá Ítalíu hefur nýrri skoðunarmiðstöð verið bætt við á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Napólí. Þess vegna ætti að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, að því er varðar Ítalíu.
- 6) Í kjölfar orðsendinga frá Ítalíu og Ungverjalandi hefur samþykkið fyrir skoðunarstöð á landamærum á flugvælinum við Genova og fyrir skoðunarstöð á landamærum við járnbrautina við Kelebia verið fellt brott. Þess vegna ætti að fella brott færslurnar fyrir þessar skoðunarstöðvar á landamærum í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, að því er varðar Ítalíu og Ungverjaland.
- 7) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlæggar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 296, 1.11.2016, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽³⁾ Stjttð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjttð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

- 8) Í kjölfar orðsendinga frá Þýskalandi og Ítalíu er rétt að gera breytingar á nokkrum svæðisbundnum einingum og staðareiningum í skránni yfir svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu, að því er varðar Þýskaland og Ítalíu, sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 9) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í þeim hluta sem varðar Belgíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Brussels South Charleroi-flugvöll:

„Charleroi-flugvöllur	BE CRL 4	A			O(14)“
-----------------------	----------	---	--	--	--------

b) Í þeim hluta sem varðar Grikkland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir járnbrautina við Idomeni:

„Idomeni (*)	GR EID 2	F		HC(2) (*)“	
--------------	----------	---	--	------------	--

c) Í þeim hluta sem varðar Spán komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Barcelona-flugvöll:

„Barcelona	ES BCN 4	A	WFS	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O
			Swissport	HC(2), NHC(2)	O“

d) Í þeim hluta sem varðar Frakkland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Marseille:

„Marseille Port	FR MRS 1	P	Hangar 14		U(14), E
			Hangar 23	HC-T(1)(2), HC-NT(2)“	

e) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

i. Færslan fyrir Genova-flugvöllinn falli brott.

ii. Í stað færslunnar fyrir Milano-Malpensa-flugvöll komi eftirfarandi:

„Milano-Malpensa	IT MXP 4	A	Magazzini aeroportuali ALHA	HC(2), NHC(2)	
			ALHA Airport MXP SpA		U, E
			Cargo City MLE	HC(2)	O“

iii. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Napolí komi eftirfarandi:

„Napoli	IT NAP 1	P	Molo Bausan	HC, NHC-NT	
			Terminal Flavio Gioia SPA	HC(2), NHC(2)“	

f) Í þeim hluta sem varðar Ungverjaland falli færslan fyrir járnbrautina við Kelebia brott.

g) Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Amsterdam:

„Amsterdam	NL AMS 4	A	dnata B.V.	HC(2), NHC-T(FR), NHC-NT(2)	O(14)
			Schiphol Animal Centre		U, E, O(14)
			KLM-2		U, E, O(14)
			Fresh port	HC(2), NHC(2)	O(14)
			Kuehne + Nagel N.V.	HC-T(CH)(2)“	

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þeim hluta sem varðar Þýskaland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE00011 BERLIN“ komi eftirfarandi:

„DE05111	BERLIN“
----------	---------

ii. Færslurnar fyrir staðareiningarnar „DE08512 COTTBUS“ og „DE11803 EMDEN, STADT“ falli brott.

b) Í þeim hluta sem varðar Ítalíu komi eftirfarandi tvær svæðisbundnar einingar og staðareiningar í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00004 TRENINO-ALTO ADIGE“:

„IT00041 PROVINCIA AUTONOMA DI BOLZANO

IT00141	A.S. della P.A. di Bolzano
---------	----------------------------

IT00042 PROVINCIA AUTONOMA DI TRENTO

IT00542	Trento“
---------	---------